

**Fundargerð 14. fundar
Framkvæmda- og skipulagsráðs
haldinn í Ráðhúsinu í Garði,
17. október 2019 , kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Einar Jón Pálsson, Reynir Þór Ragnarsson, Laufey Erlendsdóttir, Jón Sigurðsson, Atli Þór Karlsson, Jón Ben Einarsson og Einar Friðrik Brynjarsson.

Fundargerð ritaði: Jón Ben Einarsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.
Kristinn Halldórsson boðaði forföll og sat Atli Þór Karlsson fundinn í hans stað.
Davíð Ásgeirsson var fjarrverandi.

1. Verndarsvæði í byggð - Útgarður - 1812063

Íbúafundi lokið og umsagnarfrestur liðinn. Engar athugasemdir bárust.

Framkvæmda og skipulagsráð fór yfir drög að tillögu um „Verndarsvæði í byggð, Útgarður Garði“ sem nú hefur verið kynnt formlega fyrir íbúum. Ein athugasemd barst á kynningartímanum sem verður svarað að lögformlegum auglýsingartíma loknum. Lagt er til að bæjarstjórn samþykki að leggja fram tillöguna til almennrar auglýsingar og kynningar þar sem þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að kynna sér efni skýrslunnar ásamt húsakönnun og fornleifaskráningu og koma með ábendingar og athugasemdir.

2. Skagabraut 17 - Listaverk við Braggann í Útgarði - 1909001

Ásgeir Hjálmarsson óskar eftir að fá að setja upp listaverk við norðausturhlið braggans að Skagabraut 17 skv. meðfylgjandi gögnum

Samþykkt

3. Bárugerði - fyrirspurn - bygging starfsmannaaðstöðu - 1908030

Gróðrastöðin Glitbrá leggur inn fyrirspurn um byggingu skrifstofu- og starfsmannaaðstöðu á lóð fyrirtækisins í Bárugerði.

Ráðið tekur vel í erindið og felur byggingarfulltrúa að kynna frekari gögn þegar sótt verður um byggingarleyfi.

4. Miðnestorg 3 - Svalalokanir - Fyrirspurn - 1910032

Kjartan Másson óskar eftir leyfi til svalalokunar úr gleri á þremur íbúðum Búmanna að Miðnestorgi 3 skv. meðfylgjandi gögnum.

Samþykkt.

5. Iðngarðar 8 - bygging starfsmannaaðstöðu - fyrirspurn - 1910035

Efnaeiming ehf leggur inn fyrirspurn hvort heimilað yrði að byggja 90 m² starfsmannaaðstöðu á einni hæð á lóð fyrirtækisins að Iðngörðum 8, Garði, skv. meðfylgjandi gögnum.

Ráðið tekur vel í erindið og felur byggingarfulltrúa að kynna frekari gögn þegar sótt verður um byggingarleyfi.

6. Garðbraut 94 - umsókn um byggingarleyfi - viðbygging - 1908074

Suðurnesjabær sækir um byggingarleyfi fyrir lítilsháttar stækkun
Íþróttamiðstöðvarinnar í Garði skv. meðfylgjandi gögnum.

Samþykkt. Byggingarfulltrúa falið að gefa út byggingarleyfi vegna viðbyggingar.

7. Norðurgata 11a - umsókn um stöðuleyfi - 1909058

N.G.FISH ehf. sækir um stöðuleyfi undir gám til geymslu á vélum og umbúðum á lóð
sinni við Norðurgötu 11a, Sandgerði.

Samþykkt að veita stöðuleyfi til eins árs.

Fundi slitið kl. 17:50.

Einar Jón Pálsson

Reynir Þór Ragnarsson

Laufey Erlendsdóttir

Jón Sigurðsson

Atli Þór Karlsson